

Siglingaklúbburinn Þytur

Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2007





Inngangur

Starfsárið hófst að loknum aðalfundi 29. janúar. Þar var kosinn nýr formaður Ragnar Hilmarson og tveir nýir menn komu inn í stjórn, þeir Tryggvi Steinn Helgason og Hallur Helgason. Út fóru gjaldkerinn til margra ára Friðrik Hafberg og formaðurinn Helgi Ívarsson 2006. Eitt fyrsta verk nýrrar stjórnar var að skipta með sér verkum.

Formaður	Ragnar Hilmarsson
Varaformaður	Gunnar Geir Halldórsson
Gjaldkeri	Áskell Fannberg
Meðstjórnendur	Guðmundur R. Magnússon Hallur Helgason Níels Danielsson Tryggi S. Helgason

Eitt fyrsta verk nýs formann var að ganga á fund Bæjarstjóra og undirrita nýjan samning um rekstur félagsins. Þessi nýi samningur mun renna styrkari stoðum undir rekstur félagsins og munu ungir siglinarmenn fá betri stuðning frá félaginu.

Vetrarstarf

Vetrarstarf síðasta starfsárs var með hefðbundnu sniði. Kænudeild hittist reglulega og var með æfingar þegar veður leyfði en var þess á milli að dittað að bátum og gert klárt fyrir sumarið. Eldri félagar brydduðu upp á þá nýbreyttni að hittast nokkrum sinnum yfir veturinn og horfa saman á siglingakeppnir og spjalla um siglingar. Americas cup var í gangi og við vorum með nokkrar beinar útsendingar. Að vanda hittast menn á laugardagsmorgnum og byrja daginn á kaffi og spjalli. Eins var tekið í hamar og gengið var frá snyrtingunum og fatahengi á neðrihæðinni.

Sumarstarf

Sumarstarfið byrjaði fyrr í ár en áður. Sumarið byrjaði á tilraunaverkefni sem við kölluðum: “Komdu með að sigla og róa.”

Við stóðum fyrir kynningu á aðstöðu okkar og buðum öllum 19 bekkjum 6 bekkinga í Hafnarfirði á sjó Forsaga málsins er að Pétur Th. mótaði grófa dagskrá fyrir 3 klst kynningu og kynnti stjórninni og síðan skólástjórnendum. .

Skólástjórnarnir tóku hugmyndinni undantekningarlaust vel og þegar það lá fyrir hófst formaður félagsins handa við að tryggja mönnun kynningarinnar. Vandamálið var að þessar kynningar þurftu að fara fram á venjulegum vinnutíma og starfsmennirnir sem búið var að ráða í sumarvinnuna gátu ekki byrjað fyrr en í lok maí en þá þurftum við að vera búnir með flestar kynningar. Við gátum fengið einn til að byrja fyrr en restin var leyst með sjálfboðaliðum. Leitað var á náðir félagsmanna og eins tók Úlfur formaður SÍL þátt í þessu með okkur. Á hverri kynningu þurfti 4 starfsmenn.

Pétur Th. Tók að sér að útbúa boðsgögn og nánari dagskrá fyrir kynningar og bóka tíma fyrir hvern bekk. Rétt fyrir tímann sem valin var dreifðu umsjónarkennararnir boðsbréfi frá félaginu til hvers nemanda, þar sem tekið var fram tími, staður og hvað hver nemandi átti að hafa með sér á kynninguna.

Skemmst er frá að segja að kynningarnar tókust undantekningarlaust vel. Þess var gætt að einn fullorðin félagsmaður stjórnaði móttökunni og minnst tveir reyndir gæslumenn væru til staðar annar úti á gæslubát og hinn í landi. Yfirleitt gátum við þó haft tvo menn úti á sjó. Gert var ráð fyrir að kennari kæmi með hverjum hóp sem tæki þátt í gæslustarfinu og tókst það í öllum tilvikum nema 2 af 19. Hlutverk kennarans var að aðstoða við sjósetningu og móttöku. Svæðið var afmarkað mjög skýrt fyrir þá sem voru bara að róa, en þeir sem treystu sér til að sigla á optimist seglkænu fengu að



fara aðeins útfyrir það svæði Þegar nemendurnir komu í land og eftir sturtu, kakó og kex spjölluðum við krakkana um siglingar. (Nemendum bauðst að fara í sturtu ef þeir blotnuðu verulega sem flestir gerðu).

Kynningin tókst afar vel og fylltust öll námskeið sumarsins nánast strax. Það er enginn vafi í okkar hugum sem komu að skipulagningu og framkvæmd á þessu að þetta er verkefni sem við vildum gjarna halda áfram með. Við munum reyna að finna starfsmenn sem geta tekið þetta að sér en ef ekki þá munum við aftur leita til eldri félagsmanna um að mæta 1 - 4 sinnum í hálfan dag. Þetta var mjög skemmtilegt og gefandi. Þannig ég treysti á að þið munið taka vel á móti okkur þegar nær líður vori ef við munum þurfa á ykkar aðstoð að halda.

Siglingaskólinn hóf svo starfsemi sína í byrjun Júní. Við vorum með fjóra flokksstjóra frá vinnuskólanum, Kolbrúnu, Gunnar Freyr, Stein Steinsen, Hörð og um 10 unglunga. Við fjárfestum einnig í nýjum bátakosti fyrir sumarið Við keyptum 2 árabáta og endurnýjuðum einnig öryggisbátana. Þar sem við stóðum svo vel að vígi, þá fjölguðum við einnig í námskeiðunum hjá okkur, úr 16 í 24 börn. Námskeiðin voru hálfan daginn í 2 vikur, þannig þetta voru 8 námskeið eða 176 pláss. Starfið gekk mjög vel í sumar og ein helsta kvörtunin sem við heyrðum frá foreldrum var að námskeiðin voru full og annað hvort komust ekki allir að sem vildu eða ekki á þeim tíma sem best hentaði. Þetta er talsverð breyting á því sem hefur verið áður.

Gunnar Freyr Gunnarsson, Steinn Rúnarsson Steinssen og Jón Vignir Daníelsson sáu aðallega um æfingar og þjálfun síðastliðið starfsár.

Nils Daníelsson for frá Þyt á smáþjóðaleikana. Hann keppti á Laser Radial

Margir félagar úr kænudeild fóru norður í Hrísey þar sem Siglingasamband Íslands (SÍL) stóð fyrir æfingabúðum ásamt Nökkva Félagi Siglingamanna á Akureyri og lauk æfingabúðunum með Eimskips mótinu, Eimskip flutti fyrir okkur báta og búnað og kunnum við þeim hinar bestu þakkir fyrir.

Kjölbátastarfið var einnig með blómlegra móti í ár. Friðrik Hafberg sá um 3 klölbátanámskeið og Markús var mjög duglegur að taka fólk út að sigla.

Ef við leggjum saman kynningarnámskeiðin, siglingaskólann og þá sem voru að æfa bæði á kænum og kjölbátum, þá eru þetta hátt í 800 manns sem sigldu með okkur í sumar.

Mótahald og árangur á mótum:

Siglingaklúbburinn Þytur hélt sjö mót á liðnu sumri, þau voru:

12. Maí:

Opnunarmót kjölbáta 2007. Siglt frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Það var all hvass vindur fyrir utan Reykjavíkurhöfn og var leggurinn að Akureyjarbauju erfiður. Aquarius og Skegla sneru við til Reykjavíkur en fimm bátar luku keppni.

Keppnisstjóri Friðrik Hafberg

13. Maí:

Opnunarmót kæna 2007 var haldið í Hafnarfirði Sigurvegari í opnum flokki varð Nils Daníelsson, Þyt og sigurvegari í flokki Optimista varð Aron Steinn Guðmundsson, Ými.

Keppnisstjóri Friðrik Hafberg

19. Júlí:



Fyrsta innanfélagskeppni Þyts í sumar. Keppnin var haldin á Hraunavíkinni 4 skútur tóku þátt. Nýi öryggisbáturinn kom mjög vel út sem keppnisstjóra bátur. Sigurvegari Þerna. Keppnisstjóri Ragnar Hilmarsson.

26. Júlí:

Fyrsta innanfélagskeppni Þyts í tvíliðakeppni í langan tíma, var haldin í gömlu höfninni. Það voru 4 lið sem tóku þátt og strákarnir sem hafa verið að sigla Þernu unnu. Keppnisstjóri Birgir Ari Hilmarsson.

15. September.

Þennan dag stóð til að halda lokamót kjölbáta. Þetta var spennandi því þytur átti góðan möguleika á að ná Íslandsbikarmeistara titlinum. Tryggvi Steinn og félagar á þernu voru í öðru sæti og þurftu bara að ná einu sæti fyrir ofan Bestu. Því miður þurfti að fella niður keppni vegna veðurs þannig þeir fengu ekki tækifæri til að keppa. Keppnisstjóri Friðrik Hafberg.

16. September.

Lokamót kæna sunnudaginn 16. September í Hafnarfjarðarhöfn. Keppnisstjóri Friðrik Hafberg.

22. September

Lokahátíð Þyts var haldin í gömlu höfninni. Hátíðin hófst með innanfélagsmóti í tvíliðakeppni. Þar var dregið í lið og margir fengu að prufa stöður sem þeir höfðu ekki siglt áður. Skemmst er frá að segja að formaðurinn og hans lið unnu þessa keppni. (eftir nákvæma skoðun á reglubókinni því öll liðin fengu jafn mörg stig). Um kvöldið var grillað í félagsheimilinu og vonandi var þetta fyrsta af árvissum lokamótum félagsins.



Öll mótin heppnuðust mjög vel, og var vel staðið að þeim. Framkvæmd mótanna hefði aldrei gengið svona vel nema vegna þess fórnfúsa starf sem félagsmenn og foreldrar lögðu á sig, og eiga þeir miklar þakkir skildar.

Félagar í Þyt tóku þátt í eftirtöldum mótum síðasta sumar.

Kjölbátar:

- Opnunarmót kjölbáta 12. maí Þerna í 2. sæti
- Faxaflóamótið 6-7. júlí Ísmolinn 4. Sæti
Þerna 6 sæti



- Síðsumarmót Ýmis 21. júlí Þerna 2. sæti
- Íslandmót Kjölbáta 10.-12. ágúst Þerna 3. sæti
Ísmolinn 7. sæti

Keppni um Íslandsbikarinn er samanlögð úrslit úr Opnunarmóti, Hátíð hafsins, Faxaflóamóti, Síðsumarmóti, Íslandsmóti og Lokamóti. Í þessari keppni endaði Þerna í 2. sæti.

Kænur:

- Opnunarmót Kæna 12. Maí
Opin flokkur Nils Daníelsson 1. sæti
Andri Rafn Helgason 2. sæti
Jón Vignir Daníelsson 3. sæti
Aron Þór Hermannsson 4. sæti
Optimist flokkur Kristján Daði Ingþórsson 2. Sæti
Hermann Karl Björnsson 4. Sæti
Aðalsteinn Ingi Helgason 5. Sæti
- Lokamót kænur
Opinn flokkur: Hermann Karl Björnsson 5. sæti
Optimist flokkur: Kristján Daði Ingþórsson 4. sæti

Haustið

Eftir sumarið var enn á ný slegið met í fjölda báta í portinu hjá okkur. Núna eru 13 kjölbátar í portinu og tveir öryggisbátar. Því miður hefur kænustarfið ekki verið eins öflugt það sem af er vetri og oft áður en Síldardagurinn var haldinn 1. desember, um morguninn og var vel sóttur þar sem menn gæddu sér á úrvals síld og meðlæti.

Annað:

Það markverðasta sem gerist í sumar er að við endurnýjuðum allan okkar öryggisbúnað. Múkkinn og rauði báturinn voru seldir en keyptir tveir nýir öryggisbátar.

Einn Vanguard 620 og annar minni 400.

Einnig voru endurnýjuð siglingatæki og talstöðvar. Við urðum fyrir því óláni haust að illa bundinn bátur stórskemmdi nýja bátinn okkar en það verður líklega hægt að laga það.



Talsvert var um gestakomur siglingamanna í sumar en margir urðu þó frá að hverfa þar sem engin gestastæði eru fyrir siglingafólk í höfninni.

Framkvæmdir



Framkvæmdir við húsnæðið halda áfram. Í ár var gengið frá snyrtingum á neðrihæð og sett upp milliloft í fyrsta bilið í salnum. Upp á milliloftinu á að koma fyrir geymslum og eldhúsi. Lögðu félagsmenn mikið sjálfboðið starf í þessar framkvæmdir sem hér er kærlega þakkað fyrir.

Sérstaklega vill ég hér minnast á Atla Hjartarson og Björn Sverrisson að öðrum ólöstuðum. Salurinn er nú kominn í það ástand að hér er skammlaust hægt að vera með veislur og munum við vinna í því á næstunni að ganga frá áfellum í gluggum og setja upp hurð fram í eldhús. Við erum búinn að lána kjölbátasambandinu salinn og þeir eru búnir að auglýsa sinn fyrsta fund hér í næstu viku. Þá ætlum við líka að vera með opinn félagsfund núna seinna í mánuðinum.

Egill Kolbeinsson hefur tekið að sér að skipuleggja tvo slíka fundi. Dagskrá fyrri fundarins er fyrsta keppnin umhverfis jörðina. Hún var kölluð Golden Globe. Níu bátar lögðu af stað, einn kláraði en hvað varð um hina?

Núna í lok febrúar verður sýnd hér mynd sem gerð var um einn af þessum siglingamönnum. Í henni sjáum við hverju þeir stóðu frammi fyrir. Ég skora á ykkur að mæta og láta féлага ykkar vita af þessu því ég hef það eftir áreiðalegum heimildum að þetta sé mjög áhugaverð mynd.

Við munum minna ykkur á þetta með auglýsingum í dagblöðum.

Lokaorð

Ég vil þakka öllum þeim sem að þessu starfi komu, kærlega fyrir þeirra framlag fyrir siglingaklúbbinn Þyt, og þá sérstaklega samstarfsmönnum mínum í stjórninni.

Hafnarfirði 7. Febrúar 2008

Ragnar Hilmarsson